

## **Fundargerð foreldraráðs Nóaborgar, mánudaginn 28. september 2015**

### 1. fundur skólaársins 2015-2016

Fundur er settur kl. 17.10. Dagbjört Hákonardóttir hélt fundargerð. Fundinn sitja einnig Anna Margrét Ólafsdóttir leikskólastjóri, Atli Viðar Thorstensen og Sólveig Rolfsdóttir.

#### **1. Stjórnin skiptir með sér verkum.**

Ákveðið er að Atli Viðar Thorstensen gegni formennsku. Sólveig Rolfsdóttir er varaformaður. Dagbjört Hákonardóttir er ritari. Samþykkt einróma.

#### **2. Starfsreglur foreldraráðsins**

Ráðið á enn eftir að setja sér skriflegar starfsreglur. Dæmi um starfsreglur annarra foreldraráða liggja fyrir til skoðunar og kom ráðið sér saman um uppbyggingu og efnislegt innihald. Dagbjört tekur að sér að móta uppkast að reglunum og leggja fyrir ráðið sem allra fyrst.

#### **3. Deiliskipulag á Nóaborgarreit.**

Ljóst er að lengi hefur staðið til að reisa færanlega kennslustofu á skólalóðinni. Nokkur bið hefur verið á þeim framkvæmdum af ástæðum sem lúta m.a. að langri óvissu um stöðu lóðarinnar gagnvart byggingum í nágrenni. Nú liggur fyrir grenndarkynning sem birt hefur verið í fjölmiðlum. Athugasemdafrestur mun renna út 6. nóvember nk.

#### **4. Almennar umræður**

Almenn mál rædd.

Fundi slitið kl. 18.00